



Gunnar Tómasson. Ljósmynd: ML.



Gísli Freyr Sigurðsson Ljósmynd: Noël Chareyre

Gísli og Gunnar fulltrúar Suðurlands í Söngkeppni framhaldsskólanna

Nýlega fóru fram söngkeppnir í báðum framhaldsskólum landsfjórðungsins, Blítt og létt í ML og Söngkeppni NFSu, en sigurvegarar keppnanna fara fyrir hönd skólanna í söngkeppni

framhaldsskólanna sem haldin verður á vordögum.

Í Blítt og létt fór Laugvetningurinn Gunnar Tómasson með sigur úr býtum eftir að hafa flutt lagið *I want to live* eftir

Spacehog frábærlega. Í öðru sæti var Kolfinna Sjöfn Ómarsdóttir með lagið *if I aint got you* eftir Alicia Keys og í þriðja sæti var Daníel A. Bjarndal með frumsamda lagið *Sumarast*.

Hvergerðingurinn Gísli Freyr Sigurðsson, ásamt hljómsveit sinni Slyph, sigraði í Söngkeppni NFSu eftir kraftmikinn flutning á frumsamda laginu *Ready Set Go*. Valdís Una Guðmannsdóttir

var í öðru sæti, en hún flutti *Yfir borgina* eftir Valdimar og Rojna Lena Hafsteinsdóttir lenti í þriðja sæti eftir flutning á Abbalaginu *Andante Andante*.

HGL

Innsti kjarni afhentur hæstbjóðendum

Í októbermánuði stóð Krabbameinsfélag Árnessýslu fyrir fjölmörgum viðburðum í tilefni af bleikum október, þegar samfélagsátak Bleiku slaufunnar fór fram og athygli almennings var beint að samstöðu gegn krabbameini í konum.

Meðal þess sem Krabbameinsfélag Árnessýslu tók sér fyrir hendur, í samstarfi við Gallery Listasel, var uppboð á málverkinu Innsti Kjarni sem listakonan Ninný færði

félaginu að gjöf. Málverkið var til sýnis í Gallerýinu og vakti verðskuldaða athygli. Hjónin Björn Bjarnason og Sigurbjörg Hjörleifsdóttir áttu hæsta boð í málverkið og veitti Björn því viðtökur þann 1. nóvember sl.

Krabbameinsfélag Árnessýslu færir þeim hjónum þakki fyrir ríkulegan styrk, auk þess sem Gallery Listasel og listakonunni Ninný eru færðar einstakar þakki fyrir þeirra framlag og samstarf.



Fáðu
fagmann
í verkið



PIPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Framúrskarandi
fyrirtæki 2023



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Í Hrunamannahreppi má njóta helstu náttúruperlna landsins og hálendið er innan seilingar

Nú gefst einstakt tækifæri til skemmtilegrar og fjölbreyttrar uppbyggingar miðsvæðis á Flúðum.

Kynntu þér málið á www.fludir.is



Sendibílar á Suðurlandi



Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keysra@keysra.is - www.keysra.is - [f /keysra.is](https://www.facebook.com/keysra.is)

Metstyrkur Lindex í baráttunni gegn krabbameinum hjá konum!

Tímamótaárangur hefur náðst vegna sölu Bleiku Slaufunnar, fjölnota pokanna og sölu á brjóstahöldurum til styrktar baráttunni gegn krabbameinum hjá konum. Í krafti viðskiptavina hefur Lindex lánast að setja met í stuðningi sínum við Krabbameinsfélag Íslands en bleiku pokarnir eru nú að mestu uppseldir.

Metárangur, um 7 millj. kr. ganga til baráttunnar

Styrkur sem rennur til Krabbameinsfélags Íslands og samanstendur af sölu Bleiku Slaufunnar, fjölnota pokanna og sölu á brjóstahöldurum Lindex er því sérlega veglegur eða að upphæð rúmlega 7 millj. kr. Þetta er hæsti styrkur sem Lindex hefur veitt til þessa í baráttu Krabbameinsfélags Íslands gegn krabbameinum hjá konum. Árlega greinast að meðaltali 916 konur með krabbamein á Íslandi, langflestar með brjóstakrabbamein, 260 talsins.

„Sameiginleg barátta okkar sem nú spannar meira en áratug stendur okkur mjög nærri og höfum við í krafti viðskiptavina okkar gert þessa baráttu að okkar. Við í Lindex höfum þetta sem lykilatriði í vinnu okkar á

hverju hausti en stuðningur við starf Krabbameinsfélags Íslands snertir okkur sem og vel flesta með einum eða öðrum hætti. Við erum því stolt og um leið þakklát að geta státað af þessum árangri í krafti okkar frábæru viðskiptavina og samstarfsaðila” segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

Samtals er því framlag viðskiptavina Lindex til baráttunnar gegn krabbameinum hjá konum 7 millj. kr. árið 2023.

Frá upphafi hafa safnast um 34 millj. kr. með tilstyrk viðskiptavina Lindex til baráttunnar gegn brjóstakrabbameini.

„Að eiga að samstarfsaðila eins og Lindex er einfaldlega

ómetanlegt. Samstarfið hefur vaxið og dafnað og er fjölbreyttara en víðast hvar sem er ljóst að viðskiptavinirnir kunna að meta. Lindex er ekki bara einn af öflugustu söluaðilum Bleiku slaufunnar heldur framleiðir einnig eigin vörur til styrktar áttakinu“ segir Halla Þorvaldsdóttir, framkvæmdastjóri Krabbameinsfélags Íslands. „Starf Krabbameinsfélagsins er rekið fyrir styrki frá almenningi og fyrirtækjum og Lindex og viðskiptavinir verslananna geta sannarlega verið stoltir af hlutdeild sinni í því. Málið er einfalt, til að ná árangri þurfa allir að leggjast á eitt. Kærar þakkir Lindex og viðskiptavinir!“ bætir Halla við.



Rauði krossinn leitar að símavinum

Vinaverkefnið Símavinir er eitt af fjölmörgum verkefnum Rauða krossins, en sameiginlegt markmið allra Vinaverkefna Rauða krossins er að rjúfa félagslega einangrun fólks með því að veita félagsskap/nærveru og hlýju. Sjálfbodaðistarf Símavina er unnið út frá þörfum notanda hverju sinni og útfærslur verkefnisins eru því fjölbreyttar.

Sjálfbodaðliðar Símavina hringja í einstaklinga 18 ára og eldri af öllum kynjum. Hlutverk sjálfbodaðliða okkar er að hringja í þátttakendur úr eigin síma á fyrirfram ákveðnum tíma. Hægt er að hringja hvaðan sem er, en mælt er með að sjálfbodaðliðar hringi þaðan sem er ró og litlar

líkur á mikilli truflun fyrir samtalið.

Gerð er krafa um að sjálfbodaðliðar og þátttakendur í

verkefninu hafi náð 18 ára aldri.

Áhugasamir þátttakendur sem og sjálfbodaðliðar geta sótt um á vefsíðu Rauða krossins.



Ljósmynd: Freepik.

STÓRSTJÖRNUR

Í Bókakaffinu á Selfossi fimmtudaginn
9. nóvember klukkan 20









EIRÍKUR ÖRN, EINAR MÁR OG ÓFEIGUR
á einu og sama kvöldinu!

Bókakaffið **SÆMUNDUR** Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir



Listin er eilíf

Þú finnur allt fyrir myndlistina hjá okkur.

Hjá okkur færð þú einfaldlega allt fyrir myndlist frá heimspektum framleiðendum. Allar tegundir **lita**, ótrúlegt úrval **pensla**, **pappír**, **skissubækur**, **möppur**, **trönur** og **strigar**. **Blindrammar**, **spreybrúsar**, **gjafasett** og svo margt, margt fleira.

SLIPPFÉLAGIÐ
Austurvegi 58
Selfossi
S: 482 1250

Opið:
8-18 virka daga
10-14 laugardaga
slippfelagid.is



11.11 tilboð

Miklu fleiri tilboð í versluninni og tilboðin gilda til sunnudags.

60% afsláttur

Tölvubakpoki Quarter svartur
Tilboðsverð: 3.040 kr.
Verð áður: 7.599 kr.

25% afsláttur

Sæluvík
Tilboðsverð: 5.999 kr.
Verð áður: 7.999 kr.

30% afsláttur

Gestaþraut karlar 4 tegundir
Tilboðsverð: 2.239 kr.
Verð áður: 3.199 kr.

25% afsláttur

Hvítalogn
Tilboðsverð: 5.999 kr.
Verð áður: 7.999 kr.

25% afsláttur

Handbók fyrir ofurhetjur 8
Tilboðsverð: 2.799 kr.
Verð áður: 3.799 kr.

30% afsláttur

Litasett. 3 tegundir 12ml 12litir
Tilboðsverð frá: 1.140 kr.
Verð áður frá: 1.629 kr.

30% afsláttur

Öll púsl

Gildistími 11.11 tilboða er til og með 12. nóvember 2023 eða á meðan birgðir endast.

penninn.is
540-2316


selfoss@penninn.is
Brúarstræti 6

PENNINN Eymundsson

Gigg á Glæsivöllum

Föstudagskvöldið 10. nóvember nk. klukkan 20 verður Gigg á Glæsivöllum þar sem fjórir rithöfundar lesa upp úr nýjum bókum.

Eiríkur Örn er með nýja bók Náttúrulögmálin sem hann og hatturinn hafa nú ferðast með hringinn um landið. Elísabet Jökulsdóttir les upp úr bókinni Saknaðarilmur sem segir frá sambandi þeirra mæðganna. Lilja Magnúsdóttir frá Klaustri kynnir nýja skáldsögu Friðar-



safnið sem fjallar um ólöglegan innflytjanda og unga konu sem elskar kannski ekki réttan mann og Sigurður Ernir les upp úr bókinni Í stríði og friði fréttamennskunnar, fróðleg bók sem

gefur innsýn í baksvið fjölmiðla á Íslandi.

Glæsivellir eru rétt hjá Hótel Hjarðarbóli í Ölfusi og allir eru velkomnir.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Helga Guðrún Lárusdóttir, sími 956 0673, helga@dfs.is.
Blámaður: Björgvin Rúnar Valentinsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Auglýsingaheild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegis á þriðjudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÓLAR

Stunduð þarna útgerð er,
Óli markið passar. (sögn)
Oft í rúmi blúndu ber,
þar býr og verpir fuglager.

Svar við gátu í blaði 2726: **PÚÐI**
1. Hitapúði - 2. (P)úði
4. Nálapúði



Sunnlenski matgæðingurinn

Páll Óli Ólason er sunnlenski matgæðingur vikunnar að þessu sinni.



Ég vil þakka honum Magnúsi mínum fyrir áskorunina og tek henni fagnandi. Ég mæli jafnframt með að þið kíkið aftur yfir hans uppskrift enda lítur hún ekkert smá vel út. Það er greinilegt að hann hefur verið að stúdera þessa eldamennsku síðustu árin.

Sjálfur er ég tiltölulega einfaldur maður þegar kemur að eldamennsku. Geri hlutina sem minnst fancy en afraksturinn er oftast en ekki frábær þó ég segi sjálfur frá.

Það sem ég kynni fyrir ykkur í dag er einfalt kjöt með meðlæti og sósu að eigin vali.

- Það sem þið þurfið fyrir eldamennskuna er eftirfarandi:
- Kjöt, helst með smá fitu. Auðveldara ef nautakjöt en má líka vera lambakjöt.
 - Smjör eða avocado olíu.
 - Salt og pipar eða annað krydd.
 - Kjöthitamæli.

Takið kjötið og skerið, ef þarf, í ca 3 cm þykkar sneiðar. Kryddið með salti og pipar eða ykkar go-to kryddi. Sjálfur nota ég krydd sem heitir Montreal Steak Seasoning frá Grill Mates – getur varla klikkað með þetta nafn. Planið er að loka kjötinu og svo setja inn í ofn.

Hitið ofninn í 150°C. Hafið tilbúna grind og ég mæli með að hafa bakka með bókunarpappír undir.

Við viljum byrja á því að loka kjötinu. Takið pönnu og ég gef ykkur tvær leiðir:

Leið 1 er að setja olíu, þá t.d. avocado olíu á pönnu og hita, hafa hana vel heita og setja kjötið á. Loka með því að hita á hvorri hlið í ca 1 mínútu og kantana inn á milli.

Leið 2 er að setja smjör, þá alvöru smjör, á pönnuna en hita hana ekki alveg jafn mikið upp. Við viljum ekki brenna smjörið. Loka því á hvorri hlið á 1,5-2 mínútur og á meðan það er á hvorri hlið getið þið mokað smjörunu yfir hvora hliðina.

Ef það er fiturönd á kantinum nota ég stundum auka mínútu bara í að steikja þá rönd til að hafa hana aðeins stökka.

Eftir þetta fer kjötið inn í ofninn þar til kjarnhitinn er

ca 52-56°C. Það tekur ofninn minn ca 7-8 mínútur en hann er ekkert sá besti þannig að kjöthitamælirinn gerir gæfumuninn hér.

Eftir að kjötið hefur náð þessum hita tókum við það úr ofninum og setjum á bakka og leyfum því að anda næstu 10 mínúturnar svo það nái aftur þeirri mýkt og raka sem við viljum fá í kjötið. Þið getið sett smá smjörklípu – má vera kryddsmjör - ofan á kjötið á meðan það er að jafna sig sem bráðnar þá yfir það. Stundum svindla ég líka smá og stráí lakkrissalti yfir kjötið rétt eftir að það kemur út en það gefur aðeins öðruvísi bragð sem er skemmtilegt.

Á meðan kjötið er í ofninum og komið út úr honum í bið preppa ég meðlætið. Ef ég er með kartöflur sýð ég þær venjulega meðfram hinni eldamennskunni og set þær þá upp í potti við hliðina á pönnunni, salta, fæ suðuna upp og læt malla. Þær eru þá tilbúna um svipað leyti og kjötið.

Hvað salat varðar þykir mér skemmtilegast að hrúga á diskinn; kál, gúrkur, tómatar, rauðlaukur, grænar ólífur, súrkál, feta ostur. Grænmetið skorið niður og því raðað á diskinn eftir hentisemi.

Þessu er svo snarað saman á disk; kjötið, kartöflur og grænmeti. Hvað sósuna varðar mæli ég með Bernaise, heimagerðri ef þið kunnið og hafi tímann en annars einhverja úr búðinni. Að lokum er gott rauðvínsglas meðfram þessu punkturinn yfir I-ið.

Svo þurfið þið bara að muna að borða hægt og njóta. Ást og friður.

Ég skora á vin minn hann Þórarinn Smára Thorlacius sem kom eins og stormsveipur á Selfoss fyrir nokkrum árum og er nú búinn að koma sér vel fyrir með frænku minni. Ég mæli eindregið með því að þið smakkið það sem hann hefur upp á að bjóða.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.



HÁTÍÐARSTRAUMAR TOYOTA

STÓRSÝNING

LAUGARDAGINN 11. NÓVEMBER KL. 12-16

Komdu og skoðaðu rafmagnað bílaúrval hjá Toyota Selfossi, viðurkenndum söluaðila Toyota á Íslandi, og reynsluaktu. Nú gírum við okkur upp fyrir veturinn með söluráðgjöfum okkar sem eru í samningastuði.

Við bjóðum upp á hátíðlegt góðgæti fyrir alla fjölskylduna frá Myllunni, Nóa Síríusi og Ölgerðinni.

**bZ4X**

100% RAFMAGN

RAV4

PLUG-IN HYBRID

PRIUS

PLUG-IN HYBRID

PROACECITY VERSO ELECTRIC
100% RAFMAGN**Rafmagnað happdrætti**

Reynsluaktu rafdrifnum bílum sýningarinnar og þú gætir unnið 50.000 kr. gjafabréf í Smáralind. Já, þú gætir orðið reynslunni ríkari!

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000



Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. 7 ára ábyrgð gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur. 12 mánaða vegaaðstoð fylgir öllum nýjum Toyota-bílum.



Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is
prentmetoddi.is
Eyravegur 25, Selfoss

Sunnlensk ungmenni blómstra í Skjálftanum

Skjálftinn fer fram laugardaginn 11. nóvember í íþróttahúsinu í Þorlákshöfn. Skjálftinn er hæfileikakeppni fyrir sunnlensk ungmenni byggð á Skrekk sem Reykjavíkurborg hefur haldið fyrir sín ungmenni í meira en 30 ár. Markmið Skjálftans er að efla sköpunargáfu, æfa ungmenni í að hugsa út fyrir rammann, kenna verklag og þjálfna þau í markvissu, langvinnu hópastarfi. Með Skjálftanum er verið að jafna tækifæri ungmenna til náms, óháð búsetu og gefa þeim kost á að kynnst ólíkum störfum innan sviðslista, þar á meðal þeim mikilvægu störfum sem eru unnin á bakvið tjöldin í sviðslustum.

Nú í ár fengu allir skólar á Suðurlandi boð um þátttöku, allt frá Þorlákshöfn að Höfn í Hornafirði, en í upphafi var verkefnið fyrir grunnskóla í Árnessýslu. Ekki tókst að keyra verkefnið í gang í öllum skólunum þetta árið, en þeir eru þó jákvæðir fyrir verkefninu og stefna á að vera með verði framhald á Skjálftanum. Að þessu sinni mæta þátttakendur frá eftirfarandi skólum til leiks, Grunnskólanum í Vestmannaeyjum, Bláskógaskóla á Laugarvatni, Reykholtskóla, Grunnskólanum í Hveragerði, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, Vallaskóla og Sunnulækjarskóla. Auk atriðanna frá skólunum kemur Prettyboitjokko fram með lagið Skína sem ungmennin í þátttökuskólum völdu sem Skjálftalagið 2023. Hann ætlar svo að láta ljós sitt skína í nokkrum lögum til viðbótar. Kynnar kvöldsins eru Sirrý Fjóra, leik- og sirkuslistakona og Matti, sem er annar af þeim sem skipa hljómsveitina Væb. Í dómnefnd sitja Ástrós Guðjónsdóttir dansari, Júlí Heiðar leikari og tónlistarmaður og Þórdís Björg leikkona og Reykjavíkurdóttir.

Verkefni sem eflir þátttakendur og skólabrag

Verkefni í anda Skrekk getur haft gríðarlega jákvæð áhrif á þátttakendur og skólabrag og kom

það meðal annars í ljós í rannsókn frá árinu 2020 sem bar heitið Að vekja listina í sjálfum sér: ávinningur nemenda af þátttöku í Skrekk, hæfileikakeppni grunnskóla Reykjavíkurborgar og nalgast má á Skemmunn. Þá sögðu þátttakendur eftir fyrsta Skjálftann 2021 meðal annars: „Ég náði að ýta sjálfri mér til að gera eitthvað sem ég hefði aldrei gert og ég er mjög ánægð“ og önnur sagði: „Ég varð minna þunglynd og kynntist fullt af krökkum“ og enn annar: „Mjög góð reynsla, þetta bætti meiri fjölbreytileika í skólalífið sem er æði“. Þetta er aðeins brot af þeirri jákvæðu upplifunum sem þátttakendur lýstu.

Skjálftinn er óhagnaðarfríð verkefni sem sett var af stað og rekið af Ásu Berglindi Hjálmarsdóttur. Um ástæðu þess segir hún: „Ég brenn fyrir því að öll ungmenni finni sína fjöl í lífinu og að þau hafi jöfn tækifæri til náms. Listir eru mikilvægur hluti af námi og Skrekkur er mikið fyrirmyndarverkefni hjá Reykjavíkurborg sem er löngu tímabært að dreifi sér í önnur sveitarfélög. Á sama tíma og Skjálftinn varð til bjó ég til handbók um innleiðingu á Skrekk í góðu samstarfi við aðstandendur þess verkefnis og notagildi hennar sýndi sig þegar Fiðringurinn var settur á laggirnar, en hann er hæfileikakeppni ungmenna á Norðurlandi. Áhugasamir einstaklingar úr öðrum landshlutum hafa einnig sett sig í samband og fengið handbókin svo ég vonast til að verkefni í anda Skrekk verði að veruleika um allt land“.

Það er Sambandi Sunnlenskra Sveitarfélaga að þakka að hægt er að halda Skjálftann því þau standa myndarlega að baki honum þetta árið, Sveitarfélagið Ölfus styður einnig við Skjálftann. Framtíð Skjálftans er hins vegar óljós því ekkert liggur fyrir um fjármagn komandi ára.

Nánari upplýsingar um Skjálftann má sjá á skjaltinn.is



Ljósmyndir: Ingibjörg Torfadóttir

Auglýsing um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Ölfus

Eftirtaldar skipulagslýsingar og skipulagstillögur voru samþykktar til auglýsingar af bæjarstjórn Ölfuss þann 5. október og 2. nóvember, í samræmi við 1. málsgrein 40. og 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010. Tillögurnar höfðu áður verið samþykktar til auglýsingar í skipulags- og umhverfisnefnd Ölfuss.

Skipulagslýsing vegna fyrirhugaðar deiliskipulagsgerðar fyrir Thor landeldi við Keflavík

Áform er um uppbyggingu á fiskeldisstöð fyrir lax, bleikju eða regnbogasilung. Í lýsingunni koma fram hvaða áherslur verða við deiliskipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur í skipulagsferlinu, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

Skipulagslýsing fyrir tvö ný deiliskipulög á lóðunum Laxabraut 15-27

Áform er um uppbyggingu á fiskeldisstöð fyrir lax, EFLA leggur fram skipulagslýsingu fyrir framtíðaruppbyggingu á lóðum First Water sem áður hét Landeldi að Laxabraut 15-27. Í gildi er deiliskipulag fyrir Laxabraut 21-25 sem verður fellt úr gildi þegar nýtt deiliskipulag sem lýsingin fjallar um tekur gildi.

Skipulagslýsingarnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 9. nóvember til 8. desember 2023. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 22. desember 2023.

Breyting á deiliskipulaginu Hjarðarból lóðir 1 og 2

Bætt er við lóð fyrir dæluhús við borholu settir byggingarskilmálar fyrir það. Einnig er skipulagsmörkum breytt lítillga svo lóðin verði innan skipulagssvæðisins. Skipulagið er fyrir lóðir sem skráðar eru sem Hjarðarból lóðir eitt og tvö en á Skipulagsvefsjá er það kallað „Hjarðarból svæði 3 og 4“

Deiliskipulagstillaga í landi Eimu í Selvogi

Tillagan markar lóðir fyrir tvö íbúðarhús og þrjú frístundahús í samræmi við heimildir aðalskipulags fyrir landbúnaðarsvæði. Skipulagshöfundurinn hefur leitast við að húsinn verði stakstæð sem er í samræmi við byggðarmynstrið í Selvogi.

Deiliskipulagstillaga fyrir lóðina Hafnarsandur 2 - spennistöð

Skipulagið fjallar um spennistöðvarlóðina Hafnarsandur 2 sem er rétt vestan við Þorlákshöfn. Á lóðinni stendur spennistöð í dag og er skilgreindur byggingarreitur og settir skilmálar fyrir viðbyggingu vegna aukinna flutninga á raforku sem fyrirhuguð er til fiskeldistöðva First Water og Geo Salmo. Aðalskipulagsbreyting vegna jarðstrengja frá spennistöðinni að fiskeldisstöðvunum er í auglýsingaferli um þessar mundir.

Deiliskipulag íbúðar- og frístundalóða ofan vegar í Riftúni

Skilgreint er frístundasvæði með 9 frístundalóðum á reit sem er í landinu Riftún og er í aðalskipulagi skilgreindur sem reitur F7. Einnig er skilgreindar lóðir og byggingarreitir fyrir 3 ný íbúðarhús í samræmi við heimildir aðalskipulags um uppbyggingu á landbúnaðarlandi. Þar sem tvö íbúðarhús eru fyrir á svæðinu verða þar 5 íbúðarhús auk þeirra 9 frístundalóða sem skipulagið heimilar.

Tillögurnar verða til sýnis á bæjarskrifstofu Ölfuss, Hafnarbergi 1, Þorlákshöfn dagana 9. nóvember til 22. desember 2023 og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunnar. Hægt er að senda ábendingar eða athugasemdir á skipulagsgátt eða á netfangið skipulag@olfus.is fyrir lok vinnudags þann 22. desember 2023.

Gunnlaugur Jónasson, skipulagsfulltrúi Ölfuss



Jól á Stracta

STRACTA HÓTEL VERÐUR MEÐ GLÆSILEGAN
HÁTÍÐARSEÐIL Í NÓVEMBER OG DESEMBER

FÖSTUDAGARNIR

17. NÓVEMBER
24. NÓVEMBER
1. DESEMBER
8. DESEMBER

LAUGARDAGARNIR

18. NÓVEMBER
25. NÓVEMBER
2. DESEMBER
9. DESEMBER

FORRÉTTIR

Villibráðarpaté • Grafið folald • Önd á vöflu með sultuðum lauk
Jólasíld á rúgbrauði • Hangikjötssalat • Gin grafin lax úr Þjórsá

AÐALRÉTTUR

Nautalund með kartöflu pressu, svartrót, fíkjusoðgljáa,
sellerírórtarkremi, smjördeig og sveppa duxelle

EDA

Saltfiskur með kartöflumús, sýrðum lauk,
rótargrænmeti og dill hvítvínssósu

EFTIRRÉTTIR

(Þeir koma allir saman á disk)

Risalamande • Döðlugott • Piparköku ís
Sara Bernhards • Lakrístoppur



Verð er **13.990 kr.** á mann

Verð fyrir tvo með gistingu í standard herbergi er 39.900 kr.

Spænska söngkonan Alba Aube mun sjá um jólastemninguna með
sannkölluðu eyrnakonfektí meðan á borðhaldi stendur.

Upplýsingar og bókanir á
stracta.is / info@stracta.is / 531 8010



HARPA
ÚTFARARSTOFA

Kirkjulundur 19
Garðabær
harpa@harpautfor.is
harpautfor.is



Harpa Heimisdóttir
842 0204



Brynja Gunnarsdóttir
821 2045

Ég var umkringd lestri alla mína barnæsku segir lestrarhesturinn Hallgerður Höskuldsdóttir

Hallgerður Höskuldsdóttir er 19 ára gömul og alin upp á sveitabænum Stóra-Ármóti í Flóahreppi þar sem hún býr enn ásamt foreldrum sínum og systkinum. Hún er nemandi í Fjölbraitaskóla Suðurlands þar sem hún vinnur að því að klára nám bæði á sjúkraliðabrait og náttúrufræðilínu. Ásamt skólanum æfir hún sund af fullum krafti á Selfossi og hefur almennt í nógu að stússast bæði heima við og að heiman.

Hvaða bækur ertu að lesa núna?

Akkúrat núna er ég að lesa bókina Englar og Djöflar eftir bandaríska rithöfundinn Dan Brown sem er hluti af fimm bóka séríu. Ég var á leiðinni í tveggja vikna sumarfrí til Frakklands og vant- aði einhverja almennilega bók til að taka með mér og rak þá augun í bókina Da Vinci lykillinn sem er hluti af þessari sömu séríu. Sú bók náði mér algjörlega þannig ég ákvað að prófa fleiri bækur

úr séríunni og varð Englar og Djöflar fyrir valinu. Hingað til þá hefur hún ekki valdið vonbrigðum.

Hvers konar bækur höfðu helst til þín?

Alveg frá því ég man eftir mér hef ég verið mikið fyrir ævintýra- og fantasíu bækur en mér fannst fátt skemmtilegra en að lesa um eitthvað ónáttúrulegt sem myndi aldrei gerast í raunheiminum, maður hálf sogaðist inn í nýjan heim í gegnum lesturinn sem mér fannst æðislegt. Þegar ég datt svo inn á unglings- árin þá fóru spennusögurnar að skipa stærri sess í mínum lestri og eru þær eiginlega orðnar uppáhalds bækurnar mínar til að lesa núna. Ég elska bækur þar sem maður getur ekki beðið eftir að fletta á næstu blaðsíðu því sagan er svo spennandi.

Fékkstu lestraruppeldi í æsku?

Ég var alin upp við mikinn lestur heima en flestir í kringum mig lesa mikið eins og til dæmis mamma mín og elsta systir mín. Þegar ég var yngri, þá voru mamma og pabbi mjög dugleg að lesa fyrir okkur systkinin og þegar ég var send í pössun til ömmu og afa þá var lesið fyrir mann þar þannig. Ég var umkringd miklum lestri alla mína barnæsku. Ég er ótrúlega þakklát fyrir að hafa alist upp við svona mikinn lestur og er það klárlega ein ástæðan fyrir mínum áhuga á bókum. Ég var mjög snemma orðin vel læs og farin að lesa ýmsar barnabækur en þar má helst segja frá Astrid Lindgren bókunum sem voru í miklu uppáhaldi og svo auðvitað ýmis gullkorn úr íslenskum barnabókmenntum eins og Fí-asól og bækurnar eftir Gunnar Helgason og auðvitað margt fleira. Uppáhalds bækurnar mínar eru án nokkurs efa Harry Potter bækurnar. Þær hafa verið í algjöru uppáhaldi alveg frá því mamma las fyrstu bókina fyrir mig þegar ég var svona 7-8 ára gömul. Enn þann dag í dag dreg ég þær reglulega fram, svona þegar ég hef ekkert annað að lesa, og hef ég alltaf jafn gaman af þeim.

Segðu aðeins frá lestrarvenjum þínum.

Lestrarvenjur mínar eru ekki af flóknari gerðinni. Ég reyni að lesa nokkra kafla á kvöldin áður en ég fer að sofa því þá gefst loksins tími til þess og það hjálpar við að róa hugann. Það er nokkuð mikið að gera hjá mér svona dags daglega í sambandi við skólann, æfingar og



félagslífið þannig ég hef ekki alltaf tíma til að vera lesa mikið þessa dagana. Það gerir það hins vegar að verkum að það er mun skemmtilegra að setjast niður með bók þegar maður loksins hefur tíma til þess.

Áttu þér einhverja uppáhaldshöfundu?

Það er eiginlega engin höfundur sem hefur verið í einhverju uppáhaldi hjá mér. Ef ég ætti að nefna einhvern þá kemur J.K.Rowling auðvitað upp í hugann út af Harry Potter bókunum. Svo hef ég lesið mikið af bókum eftir Rick Riordan en hann skrifar mjög mikið í kringum ýmsa goðafræði sem ég hef gaman að. Svo eins og ég nefndi áðan þá var Astrid Lindgren í miklu uppáhaldi þegar ég var barn og eru bækurnar hennar algjör meistaraverk sem allir krakkar (og fullorðnir) ættu að gefa sér tíma í að lesa.

Hefur bók einhvern tímann rænt þig svefni?

Þær hafa held ég nokkrar rænt mig svefni í gegnum tíðina. Að öllum líkindum þá eru Harry Potter bækurnar þar á lista. Þegar maður var dottinn inn í þær þá var erfitt að láta þær frá sér sem varð til þess að ég var oft langt fram á kvöld að lesa. Jólábækurnar var ég einnig oft að lesa fram eftir en það er algjör klassík að leggjast upp í rúm á jólanótt með eina góða bók í hendi.

En að lokum Hallgerður, hvernig bækur myndir þú skrifa sem rithöfundur?

Ef ég myndi skrifa bók þá held ég að hún yrði einhverskonar spennusaga um eitthvað lögreglu mál á Íslandi eins og er svo vinsælt hjá íslenskum rithöfundum í dag. Ég verð samt að viðurkenna að mér myndi aldrei detta það í hug að skrifa bók sjálf og finnst mér mun betri hugmynd að láta annað fólk sjá um þá vinnu.

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS

Nýjar fréttir á hverjum degi!



VERO MODA VILA name it
JACK&JONES SELECTED



bestseller.is

Vönduð föt á frábæru verði fyrir alla fjölskylduna.

FRÍ SENDING Á PÖNTUNUM YFIR 10.000 KR.



Tillögur að áhugaverðum Lestrarhestum
berist á netfangið jonozur@gmail.com

Með gæði byggðarinnar að leiðarljósi

Með skipulagsáherslum á Selfossi undanfarin ár og mjög örri þróun byggðarinnar hefur bærinn dreifst verulega, lágreist og dreifð byggð flæðir í burtu frá miðsvæði byggðarinnar. Móinn sem ég lék mér í er núna stórt samfélag á frekar illa nýttri jörð, iðandi af bílaumferð og ég er orðin nágranni sveitarbæjanna sem einu sinni voru svo langt í burtu. Stór hluti byggðarinnar hefur hægt og bitandi fjarlægst alla þjónustu. Þrátt fyrir að byggðin sé ágætlega tengd góðu neti göngu- og hjólastíga eru fjarlægðir orðnar of miklar, græn og góð útivistarsvæði eru einnig lengra í burtu og geta ekki tekið á móti öllum. Þetta þýðir að bíllinn er besti vinur okkar, gatnakerfið er þungt og við erum að einangrast í finu stálkápunni okkar.

Vantar langtímahugsun
Það hefur vantað langtímahugsun og sterkari og skýrari framtíðarsýn í skipulagsáherslum bæjarins, hugtakið sjálfbærni hefur gleymst að miklum hluta. Hvernig getum við breytt þessu og hvernig getum við eftt sjálfbærni við framtíðar þróun og skipulag byggðarinnar? Hvernig getum við nýtt sjálfbærni til að

koma bænum okkar á betri stað til framtíðar, íbúum og umhverfi til heilla?
Að huga að sjálfbærni er í raun mikilvægasta töl okkar til framtíðar til að komandi kynslóðir geti lifað í sátt við umhverfið. Með því að huga að sjálfbærni byggðarinnar tökum við tillit til umhverfislegra, félagslegra og efnahagslegra þátta við þróun og skipulag byggðarinnar. Markmiðið er að skapa byggð sem er lífleg, skilvirk og með mikla seiglu en á sama tíma draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þéttbýlismyndunarinnar eins og hvað varðar landnýtingu og notkun vatns og orku.

Fjölbreyttara og heilbrigðara samfélag
Þróun blandaðrar byggðar er einn mikilvægasti þátturinn í átt að aukinni sjálfbærni byggðarinnar. Í fjölbreyttari landnotkun innan þéttbýlis felst að innan sama svæðis sé fjölbreytileiki íbúða-, atvinnu- og þjónusturýma. Þannig byggð getur stutt vistvænni ferðavenjur og lífsstíl íbúa. Með blöndun byggðar geta íbúar haft aðgang að mikilvægri nærþjónustu og öðrum þægindum í göngu- eða hjólafljarlægð frá

heimili sínu, en þetta er oft nefnt „15 mínútna hverfið“.
Félagsleg sjálfbærni eykst, færri kjósa einkabílinn til að fara á milli staða, losun neikvæðra gróðurhúsalofttegunda minnkar, loftgæði verða betri, þú getur gengið eða hjólað, þú sérð fleiri, heilsar fleirum og upplifir enn sterkara að þú býir í samfélagi og lýðheilsa verður betri. Mikil gæði felast einnig í því að innan þessarar blönduðu byggðar sé fjölbreytileiki bæði í íbúðagerðum, stærðum, útliti og hæðum, þakgerðum og allt niður í efnisval bygginga, gróðurs og skemmtilega útfærðu gatnakerfi. Við þurfum líka að skapa fallega og skemmtilega ásýnd byggðarinnar með fjölbreyttum gróður-sælum rýmum og öðrum samverustöðum. Með fjölbreyttum íbúðagerðum myndast svo fjölbreyttara og efnahagslegra betra samfélag þar sem meðal annars ólíkir einstaklingar, með ólíkan efnahag og mismunandi stærðir af fjölskyldum með mismunandi þarfir búa í sama húsi, sömu götu eða hverfi.
Byggingar skapa byggðarformið og móta umgjörð um gatnakerfið og þá í raun umgjörð utan um okkar daglega líf. Því

er byggðarformið og hvernig það mætir götunni eða okkar almannarými mikilvægur þáttur við skipulag sjálfbærari byggðar. Einsleit dreifð byggð, fjarri allri nærþjónustu, með fáum íbúagerðum, innrömmuð af háum skjólveggjum, gróðursnauð og malbikuð, með bílastæðum í forgrunni, með einsleitum þakformum við óþægileg gatnakerfi, skapar engan fjölbreytileika, byggðin verður óspennandi, erfitt verður að rata um, flutningsþörf eykst, fjölskyldur hafa ekki kost á að stækka og flytja innan hverfis, hverfið verður ósjálfbært.
Góð samvinna lykilatriði
Í okkar ört vaxandi sveitarfélagi eru gríðarlega mikilvæg og dýrmæt tækifæri til aukinnar sjálfbærni við framtíðar þróun byggðarinnar. Við þurfum að stíga fastar til jarðar og skapa hér aukna sjálfbærni með gæði byggðarinnar að leiðarljósi, að skapa spennandi, fjölbreytta og örvandi byggð sem íbúar geta verið stoltir af. Byggð með góðum þéttleika sem myndar grunnstoðir fyrir nærþjónustu, byggð þar sem íbúum líður vel til framtíðar. Það er aldrei of seint að reima skóna og spretta af stað,



en að skapa aukna sjálfbærni og aukin gæði er samt langhlaup, langhlaup sem getur orðið virkilega farsælt ef hugað er að vönduðum vinnubrögðum, langtímahugsun með sterka framtíðarsýn og kærleika til umhverfis og íbúa í farteskinu. Langhlaupið er þó ekki bara hlaup sveitarfélagsins heldur einnig lóðarhafa, uppbyggingaraðila og hönnunarráðgjafa svo eitthvað sé nefnt. Góð samvinna þessara aðila getur orðið að mikilvægu og sigursælu boðhlaupi fyrir sjálfbærari framtíð byggðarinnar. Áfram Selfoss.

Rebekka Guðmundsdóttir, borgarhönnuður og meðlimur í skipulagsnefnd Árborgar




LÓÐIR UNDIR PAR- OG RAÐHÚS, SALA Á BYGGINGARRÉTTI

Árborg auglýsir til sölu byggingarrétt fyrir íbúðarhúsnæði. Um er að ræða 12 lóðir fyrir alls 38 íbúðir. Sjö parhúsaloðir og fimm raðhúsaloðir. Stærð lóða á bilinu 1.020–1.972 m². Um er að ræða vel staðsettar lóðir nærri sterkum þjónustukjörnum.

Leitað er að kaupskipulagnum í lóðirnar frá einstaklingum og/eða lögaðilum sem hyggjast byggja íbúðir í samræmi við deiliskipulag svæðisins. Svæðið er hluti af uppbyggingarsvæði á landi Bjarkar sem liggur sunnan Suðrhóla og meðfram Eyravegi.

Lóðirnar sem um ræðir eru Móstekkur 34-36, 38-40, 42-44, 46-48, 60-68, 50-58, 61-63, 65-67, 69-71, 91-99, 81-89 og 73-79. Lóðirnar verða tilbúnar til afhendingar 1. Febrúar 2024. Á svæðinu er í gildi deiliskipulag sem öðlaðist gildi með auglýsingu þann 14. júní 2019 ásamt breytingum sem samþykktar hafa verið frá þeim tíma.



Tilboð í byggingarrétt á lóðunum ásamt umbeðnum fylgigögnum skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour (tengill er á vef Árborgar) innan auglýsts skilafrest, sem er kl. 13:00 föstudaginn 17. nóvember 2023. Opnun tilboða verður framkvæmd með rafrænum hætti á útboðsvefnum eftir að skilafrestur er liðinn. Í kjölfar opnunar verður tilboðsgjöfum sent opunaryfirlit rafrænt.

Niðurstaða útboðs verður birt á vef Árborgar.

Nánari upplýsingar er að finna á vef Árborgar, www.arborg.is



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Basar

Kvenfélag Hringsins heldur basar
mánudaginn 13. nóvember
kl. 14.00 – 16.00
Í Grænumörk 5, Selfossi



FOSS

STÉTTARFÉLAG Í ALMANNAÞJÓNUSTU

Dale Carnegie fyrir félagsmenn FOSS

Okkar farsæla samstarf heldur áfram og nú verður næsta námskeið haldið dagana 17.-19. nóvember 2023.

Markmið námskeiðsins eru:

- **Efla sjálfstraust** til að láta til sín taka og styrkja sig í starfi
- **Bæta samskiptahæfni** til að byggja traust, auka samvinnu og hafa jákvæð áhrif á starfsumhverfið
- **Auka tjáningarhæfni** til að tjá sig af lipurð og háttvísi, líka undir álagi
- **Bæta viðhorf** og hæfni til að takast á við krefjandi aðstæður og álag
- **Efla leiðtogaferni** til að geta veitt öðrum innblástur

Hvenær: Föstudaginn 17. nóvember til sunnu dagsins 19. nóvember frá kl. 8.30-16.30

Hvar: Fjölheimar á Selfoss.

Fyrir hverja: Félagsmenn FOSS stéttarfélags

Verð: Sérstak 20% afsláttarverð fyrir félagsmenn er 140.000 og geta félagsmenn sótt um styrk í Fræðslusjóð á móti og fer hann eftir úthlutunarreglum félagsins (*Þeir sem skrá sig geta ekki fengið gjaldið endurgreitt nema hætt sé við með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara*).

Skráning á námskeiðið fer fram á www.dale.is eða í síma 555 7080.

Nánari upplýsingar veitir Unnur Magnúsdóttir, unnurm@dale.is, s. 698-4130



Kartöflugeymslan á Selfossi

Um þessar mundir eru flestir búnir að taka upp kartöflur og annað grænmeti, en það er ekki hægt að setja uppskeruna í kartöflugeymsluna á Selfoss að Jórutúni 16. En nokkru áður hafði síðasti einstaklingurinn í félaginu Kartöflugeymslan á Selfossi, skilað inn lykluðum að geymslunni til bæjaryfirvalda. Þetta félag hafði haft geymsluna á leigu í ein 31 ár og þá fyrir hinn almenna bæjarbúa, þar sem þeir gátu geymt uppskeru sína við kjöraðstæður gegn vægu gjaldi. Samkvæmt samningi bæjarfélagsins við félagið þá var húsnæðið leigufrítt en leigutaki sá um innan- og utanhússviðhald. Í framhaldinu var send fyrirspurn á bæjarráðið um það hvað bærinn ætlaði að gera við kartöflugeymsluna að Jórutúni 16. Bæjarráðið tók ekki afstöðu til erindisins en vísaði því til Mannvirkja- og umhverfissviðs Árborgar til frekari úrvinnslu, sjá fundargerð þeirra þann 5. okt. sl.

Bærinn hefur ekki enn svarað

því hvað hann ætlar að gera við geymsluna, sem var upprunalega byggð sem kartöflugeymsla og tekin í notkun sem slík árið 1952. Síðan þá hefur hún þjónað bæjarbúum sem kartöflugeymsla eða samfelld í rúm 70 ár. Fyrir þá sem ekki vita þá er bragginn í Jórutúni mjög góð kartöflugeymsla. Kartöflurnar geymast þar bæði vel og lengi og þá við kjöraðstæður, þ.e.a.s. við lágt hitastig eða um 4°C og í dimmu og röku húsnæði. Kartöfluuppskeru er ekki hægt að geyma í upphituðum bílskúr, þær einfaldlega skemmast vegna mikils hita og lágs rakastigs.

Á sl. árum hafa um 20 til 30 fjölskyldur verið að geyma kartöfluuppskeru sína í kartöflugeymslunni að Jórutúni. Og það hefur sýnt sig að ef það kreppir að hjá fólki þá rækta fleiri sínar eigin kartöflur eins og skeði eftir hrúnið 2008. Þetta getur verið ágætis búbót að rækta sínar eigin kartöflur og þær verða ekki betri en ef þú ræktar þær sjálfur. Þetta

skiptir bæjarbúa máli, fólki sem þarf að greiða tiltölulega háa skatta þar sem sveitarfélagið er með skuldugustu sveitarfélögum landsins m.v. höfðatölu. Ef bærinn ætlar ekki að leyfa fólki bæjarins að nota braggann áfram sem kartöflugeymslu, ætlar hann þá að byggja aðra kartöflugeymslu fyrir bæjarbúa? Eða eru það kannski einhverjir fjárfestar, sem hafa áhuga á landinu þar sem bragginn er?

Það þarf að svara þeirri spurningu hvort að stærsti þéttbýliskjarni Suðurlands, sem staðsettur er í stærsta landbúnaðarhéraði landsins, eigi ekki að hafa eigin kartöflugeymslu? Bær, sem þrífst á þjónustu við hið mikla landbúnaðarhérað. Væri það ekki í takt við hina „grænu stefnu“ að bæjarbúar hefðu áfram aðgang að eigin kartöflugeymslu?

Aldís Sigfúsdóttir
Verkfræðingur



Íbúakönnun landshlutanna – taktu þátt!

Íbúakönnun landshlutanna er nú farin af stað að nýju. Sem fyrr er tilgangurinn að kanna hug íbúa um ýmsa þætti tengda búsetu þeirra með það markmiði að afla gagna um stöðu byggðanna á landinu öllu í þeirri viðleitni að bæta lífs- og búsetuskilyrði á svæðunum. Niðurstöðurnar veita innsýn í stöðu íbúa á landsbyggðinni og geta nýst öllu svæðinu í heild sinni, sveitarfélögunum, fyrirtækjum og fræðimönnum svo eitthvað sé nefnt. Þær eru jafnframt góður grunnur til að nýta til frekari stefnumótunarvinnu til dæmis innan sveitarfélaga, landshlutasamtakanna og Byggðastofnunar. Nú þegar hafa niðurstöðurnar gefið þeim sem vinna að byggðaðróun t.d. á sveitarstjórnarstiginu mikilvægar upplýsingar um raunverulega stöðu í hinum ýmsu byggðum um land allt. Eldri kannanir má nálgast á mælaborði Byggðastofnunar.

Íbúakönnun landshlutanna er samstarfsverkefni landshlutasamtaka á landsbyggðinni og

Byggðastofnunar og hefur verið framkvæmd á þriggja ára fresti frá árinu 2004. Þátttaka Suðurlands í könnuninni er jafnframt eitt áhersluverkefni Sóknaráætlunar Suðurlands fyrir árið 2023.

Vífill Karlsson, Ph.D. í hagfræði hjá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi hefur yfirmensjón með skipulagi og framkvæmd könnunarinnar.

Könnunin er ætluð öllum íbúum á Íslandi sem náð hafa 18 ára aldri. Við hvetjum alla íbúa til að taka þátt í könnuninni en hana er jafnframt hægt að nálgast á ensku og pólsku.

Könnunina má nálgast í gegnum sass.is.

SASS



Ljósmynd: Dagskráin/Helga Guðrún.

Samtöl um sorg og sorgarviðbrögð

Á fimmtudagskvöldum í nóvember verður boðið upp á samtal um sorg og sorgarviðbrögð í Hveragerðis- og Þorlákskirkjum undir umsjón prestanna sr. Ninnu Sifjar Svavarsdóttur og Sigríðar Mundu Jónsdóttur. Fimmtudagskvöldið 9. nóvember kl. 20

kemur í Þorlákskirkju Jóhanna María Eyjólfsdóttir frá Sorgarmiðstöðinni og fjallar um sorg og sorgarviðbrögð. 16. nóvember kl. 20 kemur í Þorlákskirkju Björn Hjálmarsson yfirlæknir og fjallar um fyrirvaralausan sonarmissi. Fimmtudagskvöldið 23. nóvember kl.20 í Hvera-

gerðiskirkju deilir Valdimar Hafsteinsson framkvæmdastjóri með okkur reynslu sinni af föðurmissi. Öll eru hjartanlega velkomin á eina eða fleiri samverur.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur



Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi aðalskipulagsbreytinga:

1. Reykholt; Verslunar- og þjónustusvæði; Aðalskipulagsbreyting – 2306088
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. október 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til þéttbýlisins að Reykholti. Á Skólavegi 1 í Reykholti er starfrækt 40 herbergja hótél og er stefnan að stækka það í 120 herbergi á þremur hæðum. Gatan Tungurimi hefur verið hönnuð og var færð um 15 m til norðvesturs, landnotkun og lóðir umhverfis götuna eru aðlagðar að breyttri legu hennar. Þá verður gamla leikskólanum á Reykholtshreppi 4 breytt úr samfélagsþjónustu í verslunar- og þjónustusvæði.

2. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032; Íbúðarsvæði ÍB2 og Miðsvæði M1; Borg í Grímsnesi; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting – 2303045
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. nóvember 2023 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar er varðar breytingu á landnotkunar svæðum innan þéttbýlisuppráttar fyrir Borg í Grímsnesi. Í breytingunni felst endurskoðun afmörkunar og skilmála fyrir ÍB2. Endurskoðun afmörkunar og skilmála M1 og breytt afmörkun aðliggjandi svæða til samræmis við breyttar áherslur innan skipulagssvæðisins sem ofangreindir landnotkunarflákar taka til.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér kynnt tillaga eftirfarandi skipulags- og matslýsingar vegna deiliskipulagsbreytingar.

3. Nesjavellir; Skipulags- og matslýsing; Deiliskipulagsbreyting – 2310056
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. nóvember 2023 að kynna skipulags- og matslýsingu er varðar breytingu á deiliskipulagi Nesjavalla. Markmið endurskoðunar deiliskipulagsins er að skilgreina svæði fyrir nýjar uppþótarvinnsluholur og niðurdælingarholur. Endurskoðunin felur í sér breytta afmörkun iðnaðarsvæðis og hverfisverndar til samræmis við breytt aðalskipulag og verður afmörkun skipulagssvæðisins endurskoðuð með tilliti til þessara breytinga. Einnig verða færðar inn í deiliskipulagið þau mannvirki og lagnir sem byggð hafa verið á síðustu 10 árum ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið á tímabilinu.

Samkvæmt 41. gr. og 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana og deiliskipulagsbreytinga:

4. Öndverðarnes 2 lóð L170121; Selvíkurvegur 12 og 13; Skilmálar og skipting lóðar; Deiliskipulag – 2310041
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1. nóvember 2023 að auglýsa tillögu nýs deiliskipulags sem tekur til Öndverðarness 2 lóðar L170121. Lóðin er staðsett á frístundasvæðinu F30 í Öndverðarnesi. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir frístundahús, aukahús og geymslu. Einnig er gert ráð fyrir að heimilt verði að skipta lóðinni upp í tvær lóðir, Selvíkurveg 12 og 13.

5. Borg í Grímsnesi; Borgarteigur; Íbúðarbyggð og hesthúsahverfi; Deiliskipulag – 2210030
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 1.

nóvember 2023 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til Borgarteigar, landbúnaðarsvæðis við Minni-Borg golfvöll, Móafliöt 1 og Móafliöt 2-11. Svæðið er staðsett sunnan Biskupstungnabrautar og austan Sólheimavegar. Með nýju deiliskipulagi er afmarkað svæði fyrir 12 íbúðalóðir og hesthúsahverfi. Íbúðalóðir eru með rúmum byggingarheimildum og er heimilt að stunda þar léttan iðnað, skógrækt og húsdýrahald. Áhersla er lögð á góðar göngutengingar innan svæðisins og að helstu þjónustum sem þéttbýlið á Borg hefur upp á að bjóða. Gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda verður tryggt með hjóla- og göngustíg samhliða Sólheimavegi, milli Borgar og Sólheima.

6. Skógarholt; Frístundabyggð í landi Reykjavalla; Endurskoðun deiliskipulags – 2309101
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. nóvember 2023 að auglýsa tillögu er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags frístundabyggðarinnar Skógarholts í landi Reykjavalla. Við gildistöku deiliskipulagsins er gert ráð fyrir því að eldri tillaga m.s.br. falli úr gildi. Skipulagið tekur til 37 frístundalóða. Götur og veitur hafa þegar verið lagðar og frístundahús hafa risið á flestum lóðum innan skipulagssvæðisins.

7. Laugarvatn; Einbúi, Reitur 8; Breyttir skilmálar og fjölgun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting – 2310057
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 1. nóvember 2023 að auglýsa tillögu deiliskipulagsbreytingar er varðar Reit 8 (Einbúa) á Laugarvatni. Í breytingunni felst að uppbygging innan lóðar verður eingöngu á efra svæði en engin byggð á neðra svæði. Einnig eru gerðar breytingar á byggingarskilmálum, í stað bygginga í fornum stíl verði 32 ferðapjónustuhús, 30-40 m² að stærð og mænishæð þjónustuhúss hækkar úr 5,9 m í 6,5 m. Bílastæði verða staðsett við ferðapjónustuhús og þjónustuskála. Nýtingarhlutfall er 0,05.

8. Ás L166710, náttúrulaugin Hrunalaug, deiliskipulag – 2303064
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. október 2023 að auglýsa tillögu að nýju deiliskipulagi sem tekur til Hrunalaugar. Í skipulaginu felst m.a. að skilgreindir eru tveir byggingarreitir innan svæðisins, byggingarreit A og B. Á byggingarreit A er heimilt er að byggja tvö þjónustu- og salernishús. Stærð hvorra húsa má vera allt að 150 m² og hámarks mænishæð 3 m frá gólfplötu. Á byggingarreit B er gert ráð fyrir skiptiðstöðu fyrir lauginu að hámarki 50 m².

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna, www.blaskogabyggd.is, www.gogg.is og www.fludir.is. Mál 1-3 innan auglýsingar er skipulagsmál í kynningu frá 9. nóvember 2023 með athugasemdafrest til og með 1. desember 2023. Mál 4-8 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 9. nóvember 2023 með athugasemdafrest til og með 22. desember 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Spennuþrunginn Suðurlandsslagur

KÖRFUBOLTI Síðastliðinn föstudag fengu Selfyssingar Hrunamenn í heimsókn í 5. umferð 1. deildarinnar. Fyrir leikinn höfðu Selfyssingar unnið einn leik og tapað þremur á meðan Hrunamenn höfðu unnið tvo og tapað tveimur. Góð mæting var í stúkuna enda um sannan Suðurlandsslag að ræða.

Leikurinn byrjaði nokkuð jafn og liðin skiptust á að skora, staðan 22-20 eftir 1. leikhluta. Í 2. leikhluta byrjuðu gestirnir að slíta sig frá heimamönnum með frábærum sóknarleik og náðu að koma stöðunni í 28-40. Selfyssingar náðu að svara fyrir sig og minnkuðu muninn niður í þrjú stig fyrir hálfleik, staðan 49-52.

Síðari hálfleikur var mjög jafn og spennandi og aðeins tvö stig skildu á milli liðanna þegar 4. leikhluti byrjaði. Hrunamenn byrjuðu 4. leikhlutann betur og voru lengi vel líklegri til að klára leikinn. Selfyssingar pössuðu sig hins vegar á því að hleypa þeim ekki of langt frá sér og náðu loks að jafna leik-



Mynd: Selfoss karfa/BRV

inn þegar 1:46 mín. voru eftir af leiknum. Það var svo Svavar Stefánsson sem gerði út af við leikinn með því að setja niður þrist þegar 44. sek. voru eftir af leiknum. Hrunamenn náðu ekki að nýta næstu sókn og neyddust til að brjóta. Ísar Jónsson fór á vítalínuna og kláraði leikinn fyrir Selfyssinga. Hrunamenn enduðu leikinn á þriggja stiga körfu

en það dugði ekki til, lokatölur 98-96 Selfyssingum í hag.

Michael Asante og Birkir Hrafn Eypórsson drógu vagninn fyrir heimamenn og skiluðu báðir 27 stigum.

Í liði gestanna var Chancellor Calhoun-Hunter atkvæðamestur með 38 stig og 10 fráköst. Aleksi Liukko átti einnig góðan leik með 20 stig og 12 fráköst.

Aldís er nýr verkefnastjóri hjá UMFÍ

„Ég er mjög spennt fyrir því að vera komin til starfa,“ segir Aldís Baldursdóttir, sem í vikunni var ráðin í starf verkefnastjóra hjá UMFÍ. Hún mun sjá um gerð alþjóðlegra styrkumsókna eins og umsókna í Erasmus+ ásamt því að vinna við samfélagsmiðla, gerð kynningarefnis og ýmis önnur tilfallandi verkefni í samskiptum við íþrótt- og ungmennafélagshreyfinguna um allt land. Hún mun jafnframt vinna við viðburði UMFÍ, Unglingalandsmót, Landsmót 50+, ungmenningarðstefnur, útgáfu blaða og tímarita og margt fleira.

Aldís er 28 ára sveitastelpa frá Klængsseli í Gaulverjabæjarhreppi, sem er innan sam-

bandssvæðis Héraðssambandsins Skarphéðins (HSK). Grunnám hennar er í stærðfræðikennslu á unglingastigi í grunnskóla og að auki með meistaragráðu í fjölmiðla- og boðskiptafræðum frá Háskóla Íslands.

Aldís er með nokkurn grunn í íþróttum eins og hefð er fyrir innan HSK.

„Ég æfði glímu í sveitinni og var í frjálsum íþróttum en æfði síðan handbolta með Umf Selfossi og tók þátt í Grýlupotta-



hlaupum,“ segir hún. „Ég hef mikinn áhuga á lýðheilsu og eflingu líkamlegrar og andlegrar heilsu fólks.“

Nú stundar Aldís bæði utanvegahlaup og götuhlaup og hefur hlaupið bæði 50 km og 26 km í Hengil Ultra og fleiri hlaupa- viðburðum.

Sambandsaðilar UMFÍ eru 27 talsins, sem skiptast í 22 íþróttahéruð og 5 ungmennafélög sem eru með beina aðild. Tæplega 500 félög eru innan UMFÍ, þar á meðal öll íþróttafélög á höfuðborgarsvæðinu og nærri því öll félög á Íslandi. Ljóst er af því að Aldís mun hafa nóg að gera í samskiptum við félögin.

Ríflega 60 keppendur á borðtennismóti Dímons

BORÐTENNIS Yfir 60 keppendur frá sjö félögum tóku þátt í Aldursflokka-móti Dímon í borðtennis en mótið var haldið laugardaginn 28. október sl. í íþróttahúsinu á

Hvolsvelli. Mótið var fyrir keppendur fædda 2006 og síðar og var gaman að sjá metnaðinn og keppnisgleðina hjá öllum aldurshópum.



Æfingabúðir Judofélags Suðurlands á Eyrarbakka

JUDO Judofélag Suðurlands stóð fyrir æfingabúðum 27. og 28. október í íþróttahúsinu á Eyrarbakka. Um 30 manns frá þremur íslenskum félögum: JS, Tindastóli og JR tóku þátt, auk fimm gesta frá Bretlandi sem dvalið hafa við æfingar hjá JS síðastliðna viku.

Vel var við hæfi að síðari dagur æfingabúðanna bar upp á alþjóðlega judodaginn World Judo Day, sem haldinn hefur verið undanfarin ár á fæðingardegi stofnanda

judóíþróttarinnar Jigoro Kano. Meðfylgjandi mynd er tekin í lok laugardagsæfingarinnar þar sem þátttakendur stilltu sér upp með viðurkenningarskjöl frá Judofélagi Suðurlands. Á Eyrarbakka er frábær aðstaða fyrir æfingar. Þjálfarar voru George Buntakis og Zaza Simonishvili.

Meðal bresku gestanna voru þjálfarinn Martin Rance 5. Dan og Judie Caller 3. Dan margfaldur verðlaunahafi á stórmótum í Bretlandi og Evrópu.



Æfingabúðir á Eyrarbakka í október 2023.

Auknar tekjur og valfrelsi í Árborg

Jafn falleg og haustin geta verið þá eru þau líka annasöm. Síðasti séns að hefja verkefni sem áttu að klárast á árinu, stutt í jólin og skipulag næsta árs hafið.

Jafnt meðal sveitarfélaga sem fyrirtækja er unnið að fjárhagsáætlun og rýnt í hvar mögulegt er að auka tekjur og hagræða. Mikilvægt er að reksturinn sé réttu megin við núllið og fjármagna þurfi sem minnst með lánsfé, einkum á tímum hárra vaxta og verðbólgu.

Auknir tekjumöguleikar fyrir sveitarfélög

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum þann 25. október að taka upp sérstaka gjaldskrá fyrir byggingarréttargjald í Sveitarfélaginu Árborg. Um er að ræða gjaldskrá sem byggir á samningsmarkmiðum sem bæjarráðgjafi samþykkti fyrr á árinu um greiðslur vegna uppbyggingar íbúða- og atvinnuhúsnæðis. Tilgangur með upptöku byggingarréttargjalds er að koma til móts við kostnað uppbyggingar nauðsynlegra innviða og þjónustu sem sveitarfélaginu ber að veita.

Í grunninn er um að ræða tvo þætti; annarsvegar er greiðsla þegar nýtingu lóðar er breytt og byggingarmagn aukið í deiliskipulagi og hinsvegar sala byggingarréttar á lóðum í eigu sveitarfélagsins. Breyting á nýtingu lóðar og byggingarmagni getur t.d. verið þegar atvinnulóð er breytt í íbúðalóðir og þegar samþykkt er að auka byggingarmagn lóða í deiliskipulagi.

Sveitarfélagið hefur síðan selt byggingarrétti á íbúða- og atvinnulóðum í stað þess að úthluta líkt og áður. Þannig er byggingarréttur boðinn út á lágmarksverði og gefst áhugasömum tækifæri til að bjóða í byggingaréttinn og fær sá lóðina sem býður hæst, með fyrirvara um að viðkomandi standist útbóðsskilmála. Nú þegar eru dæmi um slíka sölu á bæði íbúða- og atvinnulóðum og byggingarréttur íbúðalóða við Móstekk á Selfossi hefur verið auglýstur. Þá stendur til að koma fleiri íbúðalóðum í öllum byggðakjörnum sveitarfélagsins í sölu fljótlega.

Bragi Bjarnason

formaður bæjarráðs og oddviti sjálfstæðisflokksins í Árborg



Aukið valfrelsi í leikskólamálum
Eitt af markmiðum Sjálfstæðisflokksins í Árborg á kjörtímabilinu var að auka valfrelsi foreldra á mismunandi hugmyndafræði við rekstur leikskóla. Nú hefur Sveitarfélagið Árborg loks samið við Hjallastefnuna leikskólar ehf. um að taka við rekstri leikskólans Árbæjar á Selfossi. Í samræmi við samninginn, sem var samþykktur í bæjarráði 1. nóvember sl. tók Hjallastefnan við daglegri stjórn leikskólans 2. nóvember sl. og mun svo taka við rekstrinum að fullu 1. ágúst nk. Með þessu fyrirkomulagi getur aðlögun í kjölfar breytinganna verið í góðu samstarfi við foreldra, börn og starfsmenn sem er mikilvægt þegar breytingar sem slíkar koma til framkvæmda. Eðli málsins samkvæmt hefur fólk mismunandi skoðanir á hugmyndafræðinni og rekstrarforminu. Það er að mínu mati spennandi áfangi að fá þennan nýja valmöguleika í rekstri leikskóla í sveitarfélagið en við breytingarnar verða fimm leikskólar í Árborg reknir af sveitarfélaginu og einn af einkaaðila.

Af öðrum málum í Árborg þá eru hafnar framkvæmdir við virkjun heitavatnsholu sem fannst fyrr á þessu ári utan Ölfusár fyrir neðan sláturhús SS. Áætlað er að hún verði tengd inn á dreifikerfi Selfossveitna haustið 2024 en hluti af framkvæmdunum felst í að skipta um lögn undir Ölfusárbrú. Má sjá þá vinnu í gangi þessa dagana. Að lokum vil ég hvetja íbúa og áhugasama að fylgjast með þeim fjölmörgu viðburðum sem eru á döfinni, líkt og tendrun jóla-ljósanna í Árborg fimmtudaginn 16. nóvember nk. en það er alltaf eitthvað að gerast í íþrótt- og menningarlífinu á svæðinu.

Bryndís Ólafsdóttir er nýr sjúkráþjálfari á Hellu

Bryndís Ólafsdóttir hefur hafið störf sem sjúkráþjálfari í Sjúkráþjálfun Rangárbings á Hellu, að Suðurlandsvegi 1-3 í verslunarhúsnæðinu „Miðjan“. Bryndís hefur 18 ára reynslu af að vinna sem sjúkráþjálfari og sogæðanuddari. Hún lærði sogæðanudd í vöggu fræðinnar, Þýskalandi, og hefur starfað sem sjúkráþjálfari í Þýskalandi, Noregi og á Íslandi. Að auki er Bryndís menntaður íþróttakennari sem hefur reynst henni vel í 30 ára starfi sem kennari í hinum ýmsu íþróttagreinum.



Tímapantanir hjá Bryndís fara fram í gegnum síma 783-6868

Við prentum ljósmyndir

honnun.prentmetoddi.is

Við prentum ljósmyndir í öllum algengustu stærðunum.



Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg



Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:

1. Deiliskipulagsbreyting – Austurvegur 33-35. Selfossi

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. nóvember 2023, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, tillögu að breytingu deiliskipulags fyrir Austurveg 33-35 á Selfossi. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Árborgar 2020-2036, en þar er svæðið skilgreint sem miðsvæði.

Breyting felur í sér að heimilt verður að reisa allt að 4 hæða hús undir hótelfarfélagi. Þá er nýtingarhlutfalli breytt, fer úr 2.0 í 3.0, sem mun fela í sér að heimilt verður að byggja allt að 5400m², í stað um 2700m² áður. Þá er gert ráð fyrir að hámarkshæð byggingar hækki úr 10,5m í 13,5m. Bílastæðapör mun verða fullnægt með 33 bílastæðum á lóðinni Grænuvellir 8a.

2. Deiliskipulagsbreyting – Austurvegur 65. Selfossi

Bæjarráð Árborgar samþykkti á fundi sínum 1. nóvember 2023, í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga, tillögu að breytingu deiliskipulags fyrir Austurveg 65, á Selfossi. Í gildi er deiliskipulag, samþykkt í bæjarráði Árborgar og staðfest í B-deild stjórnartíðinda 12 jan. 2005 ásamt síðari breytingum. Breyting felst í að byggingarreitur er stækkaður til suðurs. Með breytingunni er verið að stækka byggingarreit vegna fyrirhugaðra stækkunar á framleiðslurýmum.

Breytingin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Árborgar 2020-2036.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi. Að auki er hægt að nálgast tillögurnar á heimasíðu Sveitarfélagsins Árborgar á vefslóðinni www.arborg.is

Deiliskipulagstillögur eru auglýstar með athugasemdafresti frá 8. nóvember, til og með 20. desember 2023.

Hverjum þeim sem telur sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar, og er frestur til að skila inn athugasemdum til og með 20. desember 2023.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, 800 Selfossi, eða netfangið skipulag@arborg.is

Í samræmi við 52. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er ákvörðun stjórnvalds kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar um gildistöku skipulags í B-deild Stjórnartíðinda.

Virðingarfyllst,
Rúnar Guðmundsson
skipulagsfulltrúi

ÞJÓNUSTA



S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFLOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

BÍLAR



Gagnheiði 11 - 800 Selfossi
Sími 482 2200 - GSM 894 2277 - Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
9. nóvember kl. 13-14:30.
Síðustu miðar á
árshátíðina seldir.

ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð FEB Selfossi
verður haldin á Hótel
Selfossi 9. nóv. (aðalsal
uppi). Húsið opnað kl. 18:15.
Skemmtun hefst kl. 19.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

Opið mán kl. 11 til 15
miðv. kl. 11 til 15
föstud. kl. 11 til 14.
sími 482 1022
gsm 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30, fundur, Hrísholti 8

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 og 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opin fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek godzina
19:00. Hrísholt 8 - 800 Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni

Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL SÖLU



Fólksbíll til sölu

Til sölu Bens fólksbíll. Fornbíll,
gangverk í góðu lagi X-4040.
Upplýsingar í síma 864 1275.

KIRKJA

Selfosskirkja

Sunnudaginn 12. nóvember er
Kristniðsdagurinn og því sér-
lega viðeigandi að tvö börn verði
borin til skírnar í guðsþjónust-
unni klukkan 11. Edit og kirkju-
kórinn leiða sönginn og séra Ása
Björk þjónar söfnuðinum.

Sunnudagaskóli klukkan 11 í
umsjá Sjafnar og leiðtoganna.
Öll eru innilega velkomn!

Bænastundir eru í kirkjunni
alla þriðjudaga, miðvikudaga og
fimmtudaga klukkan 9:15.

Hraugerðiskirkja

Guðsþjónusta klukkan 14:00.
Fermingarbörnin í Flóanum
safna fyrir Hjálparstarf Kirkjunnar.

Þorláksskirkja

Messa kl. 11:00. Kór Þorlaks- og
Hjallakirkju leiðir almennan safn-
aðarsöng við undirleik Esterar
Ólafsdóttur, organista. Sigríður
Munda Jónsdóttir, sóknarprest-
ur þjónar. Verum öll velkomn.

Skálholtsdómkirkja

Messa 12. nóv. kl. 11. Feðra-
dagurinn verður haldinn hátíð-
legur og kristniðsdagurinn er
einnig þema dagsins. Bæn fyrir
fórnarlömbum í stríði og ákall
um frið og sáttargjörð. Altari-
ganga. Fermingarbörn sérstak-
lega velkomn og að sjálfsögðu
allir feður. Molasopi eftir messu.
Jón Bjarnason er organisti og sr.
Kristján Björnsson, biskup, pré-
dika og þjónar fyrir altari.

Hvítasunnukirkjan Selfossi

Samkoma, sunnudagaskóli og
kaffiveitingar sunnudaginn 12.
nóvember kl. 11:00 í Hvíta-
sunnukirkjunni Selfossi, Austur-
vegi 40B. English translation
available. Allir innilega velkomn-
ir. www.selfossgospel.is

Torfastaðakirkja

Guðsþjónusta kl. 14. Prestur sr.
Axl A. Njarðvík og organisti Jón
Bjarnason. Verið velkomn.

Aðalsafnaðarfundur
Eyrarbakkasóknar 2023

Aðalsafnaðarfundur
Eyrarbakkasóknar verður
haldinn miðvikudaginn
15. nóvember kl. 20 í Eyrar-
bakkakirkju. Á dagskrá eru
hefðbundin aðalfundarstörf.

Allir eru hjartanlega
velkomnir.

Sóknarnefnd
Eyrarbakakirkju

ÞJÓNUSTA

STEYPUSÖGUN - KJARNABORUN - INNRÖMMUN -
TVÍBLAÐASÖGUN FYRIR
HITALÖGNUM

Saga dyrgöt, gluggagöt og fleira
í steinsteypu.
Kjarnaborun fyrir lögnum.
Ramma inn myndir,
spjela og fleira.
Annast einnig sólpallasmiði.

ÁSGEIR EGGERTSSON
Sléttuvegi 6, Selfossi
Sími 893 9068
STEINSTEYPUSÖGUNIN ÁS ehf.

Sigurjón Þórðarson +
Minningarorð

Útför Sigurjóns fór fram frá
Selfosskirkju mánudaginn
6. nóvember sl.



Félagi okkar og söngbróðir
í Karlakór Selfoss til 26 ára,
Sigurjón Þórðarson, lést hinn 4.
október sl.

Sigurjón var Hreppamaður,
uppfæddur í Syðra-Langholti í
Hrunamannahreppi, en fluttist á
Selfoss og hóf nám í rafvirkjun
hjá Kaupfélagi Árnesinga. Eftir
útskrift var hann einn af stofn-
endum Árvirkjans hf. sem starf-
rækt hefur bæði rafverkstæði og
verslun á Selfossi, og vann hann
þar allan sinn starfsferil.

Sigurjón Þórðarson gekk til
líðs við Karlakór Selfoss 1996
og söng í ll. bassa og það var
líðsauki sem munaði um. Hann
var lagviss og fljótur að læra
texta, hafði sterka og hljómfagra
bassaródd. Hafði reyndar áður
sungið með Samkór Selfoss í
nokkur ár. Hann var mikill fé-
lagsmaður og karlakórinn var
honum mikils virði og þau hjón-
in Sigurjón og Guðrún Ingibjörg
Sigurðardóttir tóku virkan þátt í
starfsemi og ferðum meðal
annars með kórnum bæði innan-
lands og utan. Þegar kórinn festi
kaup á félagsheimili sínu við

Eyraveg 67 árið 1999 var Sigur-
jón betri en enginn þegar kom
að raflögnum í húsið og öðru
því tengdu.

Það er mikil eftirsjá í Sigur-
jóni og margir kórfélagar munu
sakna glaðvæðar góðs félaga.
Eiginkonu hans og börnum og
öðrum aðstandendum eru sendar
innilegar samúðarkveðjur.

Fyrir hönd félaga
í Karlakór Selfoss,
Valdimar Bragason.

Selfossveitur og starfsfólk vott-
ar fjölskyldu og aðstandendum
Sigurjóns Þórðarsonar sínar
innilegustu samúðarkveðjur á
þessum erfiðu tímamótum.



Þjófstart í Bókakaffinu í kvöld!

Það verður þjófstartað í Bóka-
kaffinu með fyrstu jólabóka-
kynningu okkar á þessu hausti
fimmtudagskvöldið 9. nóvem-
ber kl. 20. Þjófstart vegna þess
að stórskáldin sem stíga á stókk
munu einkum og aðallega ræða
um þjofa og brostfelduga hegð-
un fyrri daga og alda.

En líka þjófstart því að jóla-
bókakynningar eru alls ekki
hafnar, jólin enn langt undan
og hin reglulegu jólabókakvöld
byrja ekki í Bókakaffinu fyrr en
næstsíðasta fimmtudag nóvem-
ber. En þetta kvöld er sérlegt
og einstakt og bragðgott eins og
þjófstolin karamella eða laun-
sviðnar lappir af lambi úr ann-
ari sveit.

Ísfríðingurinn Eiríkur Örn
Norðdahl ríður á vaðið með
sögulega skáldsögu - Náttúru-
lögmaðlin - sem gerist á Ísafirði
á millistríðsárunum og við sögu
koma brotlegir guðsmenn og
karnivalískt bæjarlíf.

Þeir félagar Einar Már Guð-
mundsson og Ófeigur Sigurðs-
son koma hér saman í bróðerni
en keppast þó um að segja frá

því sama en hvor með sínu nefi
- söguefnið er hið ólíkindalega
Kamsbrán rétt utan við Selfoss
árið 1827.

Bók Einars Más sem er fram-
hald af Skáldlegri afbrotatræði
(2021) og heitir einfaldlega Því
dæmist rétt vera - safarík saga
um glæp og refsingu. Sunn-
lendingurinn Ófeigur Sigurðs-
son skrifar undir söguheitinu
Far heimur, far sáll.



Gefðu persónulegar jólagjafir í ár

honnun.prentmetoddi.is

Inni á hönnunarvefnum okkar
getur þú t.d. útbúið **kort**, **dagatöl**
og **myndabækur**.



Kvöldsólin í skýjunum yfir Ingólfsfjalli



Einar D. G. Gunnlaugsson sendi okkur þessa fallegu mynd sem tekin var í Hraunborgum sl. sunnudag. Myndin er lýsandi fyrir þá góðviðrisdaga sem einkennt hafa það sem af er hausti.

„Endurskinsmerki gætu bjargað lífi barnsins þíns“

Jón Sverrisson, bílstjóri hjá Steypustöðinni á Selfossi lýsir óánægju sinni með merkingar Vegagerðarinnar víðsvegar um Suðurland sem sjá má á meðfylgjandi myndum frá Guðna Sveini Theodórssyni. Jón segir þetta óásættanlegt og kallar eftir úrbótum. Þá segist hann hafa þungar áhyggjur af þeim fjölda fólks og barna sem hann sér, ekki nógu vel, í skammdeginu sem gengið er í garð.

Í myrkri sjást gangandi og hjólandi vegfarendur illa þrátt fyrir götulýsingu og ökuljós bifreiða og er notkun endurskinsmerkja þess vegna mikilvæg og í sumum tilfellum nauðsynleg.

„Það er staðreynd að öku-menn sjá óvarða vegfarendur með endurskin fimm sinnum fyrr en ella og því getur notkun endurskinsmerkja skilið milli lífs og dauða. Allir ættu að nota endurskinsmerki, jafnt börn sem fullorðnir. Börn sjást verr en fullorðnir og eiga það auk þess til að taka hvatvísar ákvarðanir án þess að hugsa um þær hættur sem eru fyrir hendi. Mikilvægt er að foreldrar noti endurskinsmerki til þess að sýna börnum sínum gott



fordæmi,“ segir á island.is í grein um öryggi vegfarenda.

Jón segir í samtali við Dag-skrána að á hans yngri árum hafi börn ekki fengið að fara út á ljóslausum reiðhjólum. Það hafi einfaldlega ekki verið í boði „Þrátt fyrir það hörmulega atvik sem átti sér stað í Hafnar-firði 30. október síðastliðinn, þegar átta ára drengur lést eftir að hafa orðið fyrir steypubíl, sé ég fjöldan allan af ljóslausum börnum á hinum ýmsu farartækjum um allan bæinn. Mörg þeirra eru alveg endurskinslaus og það veldur mér þungum áhyggjum. Ég var til dæmis að aka eftir Eyravegi á Selfossi í morgun og sá þar konu sem fylgdi tveimur börnum á hjólum. Konan var

dökkklædd og engin endurskinsmerki á hjólinum. Þetta er ekki í lagi. Ég vil að foreldrar opni augun fyrir þeim hættum sem geta skapast við þessar aðstæður og endurskinsmerki börnin sín í bak og fyrir. Endurskinsmerki gætu bjargað lífi barnsins þíns.“

HGL



Hjól fyrir utan Sunnulekjaraskóla á Selfossi. Mynd: Dagskráin/HGL

BRÁÐ AF VINATTU!

Fæst hjá BYKO Selfossi

expert kæling

Sími 660 2970

Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaþvöðir - Almennar raflagnir

LAGNIR

ALHLIÐA PÍPULAGNINGA VERKTAKAR

Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti

Bilverk BA

Þar sem
fagmennirnir vinna

★★★★★

Vottað verkstæði

Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424
bilverkba.is

Lagnapjónustan ehf

Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

HEYRN

HEYRNARÞJÓNUSTA

534 9600
www.heyirn.is

NÝTT

Vinnuvélanámskeið á netinu!

www.vinnuvelaskolinn.is

FROST

KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA

HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

HREINSITÆKNI

Stíflulosun
Rotþróahreinsun
Vélsópun
Lagnafóðrun

Hellismýri 9, 800 Selfoss
selfoss@hrt.is - Sími 892 2136
www.hrt.is

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi

Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkkerfi o.fl.

Sérhæfing - Þekking - Reynsla

Gunnar Vilmundur
Guðmundsson Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf

Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980

Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði

Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.

Allar ræstingar
Steintappahreinsun, teppahreinsun,
bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland